



Borgarráð

Reykjavík, 2. desember 2025
MSS25120004

Erindisbréf - Starfshópur vegna aðstöðumála glímufélagsins Ármanns

Erindisbréf starfshóps vegna aðstöðumála glímufélagsins Ármanns er lagt fram til kynningar.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:
Erindisbréf starfshóps vegna aðstöðumála glímufélagsins Ármanns.



Reykjavík



Reykjavík, 1. desember 2025

MSS25120004

ERINDISBRÉF

Starfshópur vegna aðstöðumála Glímufélagsins Ármanns

Ábyrgðaraðili:

Borgarstjórinn í Reykjavík

Inngangur:

Glímufélagið Ármann sem var stofnað 15. desember árið 1888 og er í dag hverfisfélag í Laugardal hefur óskað eftir því við borgaryfirvöld að aðstöðumál félagsins verði tekin til sérstakrar skoðunar af hálfu Reykjavíkurborgar.

Til að koma til móts við óskir félagsins er skipaður sérstakur starfshópur, skipaður fulltrúum félagsins, MÍR og ÍBR.

Hlutverk:

- Leggja mat á núverandi þarfir Glímufélags Ármanns þegar kemur að aðstöðu félagsins og hafa til hliðsjónar núverandi aðstöðu í Laugardalshöll, frjálsíþróttahöll, mannvirkjum Ármanns í Laugardal, fyrirhugaðri þjóðarhöll.
- Gera tillögur að bættri aðstöðu til æfinga, mótahalds, félagsstarfs og aðstöðu Glímufélagsins Ármanns í Laugardalshöll.
- Gera tillögur að bættri aðstöðu til æfinga Glímufélagsins Ármanns í aðstöðu frjálsíþróttahallar.
- Starfshópurinn skal gera skýrslu um aðstöðumál Glímufélagsins Ármanns og leggja fram tillögur að úrbótum, annars vegar til skamms tíma og hins vegar til frambúðar.

Starfshópurinn skipa:

Helga Friðriksdóttir, skrifstofustjóri íþróttaborgar, menningar- og íþróttasviði, formaður.

Elín Hrefna Ólafsdóttir, skrifstofustjóri stjórnsýslu, menningar- og íþróttasviði.

Eiður Ottó Bjarnason, Glímufélagið Ármann.

Sóley Kaldal, Glímufélagið Ármann.

Frímann Ari Ferdinandsson, framkvæmdastjóri íþróttabandalags Reykjavíkur.

Starfsmaður starfshópsins:

Magnús Kári Jónsson, starfsmaður íþróttabandalags Reykjavíkur.



Reykjavík

**Til ráðgjafar og samstarfs:**

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á, svo sem hjá Íþróttta- og sýningarhöllinni.

Starfstímabil og skil:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum eigi síðar en 31. mars 2026.

Reykjavík, 1. desember 2025

Heiða Björg Hilmysdóttir
borgarstjóri



Reykjavík